

Skráning tungumálanámskeiða

Tungumálanámskeið geta verið samsett úr gögnum í mismunandi útgáfuformi, ýmist gagnvirk eða ekki.

1. Form tungumálanámskeiða

Val á formati fyrir tungumálanámskeið miðast við ytra form efnisins. Ef námskeið samanstendur af fleiri en einu ytra formi ræðst formatið af þeirri einingu sem skoða má sem grunn gagn.

Tungumálanámskeið geta fengið formatið BK, HB, VM, CF og MX. Eingöngu er heimilt að velja formatið MX ef námskeiðið samanstendur af þremur eða fleiri ytri formum (t.d. bók, geisladiskur og mynddiskur).

Nánari leiðbeiningar um skráningu á mismunandi efnisformum er að finna á vef Landskerfis bókasafna www.landskerfi.is undir *Skráningarráð – leiðbeiningar*.

2. Viðmiðunarreglur við val á formati:

| Ytra form | Format |
|---------------------------------|--------|
| Bók | BK |
| Geisladiskur | HB |
| Geisladiskur og bók | HB |
| Mynddiskur | VM |
| Mynddiskur og bók | VM |
| Tölvudiskur / margmiðlunargögn | CF |
| Bók, geisladiskur og mynddiskur | MX |

3. Aðalheimild lýsingar

Reglur um aðalheimild lýsingar fylgja formi efnisins. Ef tungumálanámskeið er samsett úr mörgum einingum sem hafa mismunandi titla, skal velja titil á sameiginlegum umbúðum sem aðaltitil.

Dæmi um tungumálanámskeið:

980944 *Astérix learn English (CF)*

738332 *Entrée libre (VM)*

814681 *Beginner's German (HB)*

4. Yfirlit yfir MARC sviðin

LDR

BK nam
HB nim
VM ngm
CF nmm
MX npm

007 – Ytra form efnis

BK (text)

Sæti 00 = t (text)

Sæti 01 = a (regular print)

HB (sound recording)

Sæti 00 = s (sound recording)

Sæti 01 = d (sound disc) ef diskur, s (sound cassette) ef snælda

Sæti 02 = autt sæti (undefined)

Sæti 03-13 = | (no attempt to code)

VM (videorecording)

Sæti 00 = v (videorecording)

Sæti 01 = f (videocassette) ef myndband, d (videodisc) ef mynddiskur

Sæti 02 = autt sæti (undefined)

Sæti 03 = | (no attempt to code)

Sæti 04 = b ef VHS, v ef DVD

Sæti 05-08 = | (no attempt to code)

CF (electronic resource)

Sæti 00 = c (computer file)

Sæti 01 = | (no attempt to code)

Sæti 02 = autt sæti (undefined)

Sæti 03 = c (multicolor)

Sæti 04 = a (3 ½ in.)

Sæti 05 = a (sound on medium)

Sæti 06-13 = | (no attempt to code)

MX (kit)

Sæti 00 = o (kit)

Sæti 01 = u (unspecified)

008 – Kóðasvið (öll formöt)

Eftirtaldar upplýsingar eru greindar:

Tegund ártals – sæti 6

Útgáfuár – sæti 7-10

Útgáfuland – sæti 15-17

Notendahópur – sæti 22

Tungumál – sæti 35-37. Veljið kóða fyrir tungumálið sem verið er að kenna

Fyrir eftirtalin form eru þessar upplýsingar að auki greindar:

VM

Sæti 18-20 sýningartími. Ef sýningartíma vantar er sett ---

Sæti 33 tegund myndefnis = v

Sæti 34 tækni = 1 / a / c eftir því sem við á

CF

Sæti 26 type of computer file = i (interactive multimedia)

028 00 – Útgáfunúmer

Ef útgáfunúmer (publisher number), annað en ISBN númer, er á tungumálanámskeiði skal setja það í þetta svið.

041 0# – Tungumál

Eingöngu notað ef greina þarf fleiri en eitt tungumál. Tungumálið sem verið er að kenna fer í deilisvið \$a. Deilisvið \$a er endurtekið fyrir tungumálið / tungumálin sem kennslan fer fram á.

041 0# \$\$aice\$\$aeng

245 – Titill og ábyrgðaraðild

Aðaltitil skal ákvarða út frá gagninu sjálfu. Reglur um aðalheimild lýsingar fylgja formi efnisins. Ef það er samsett úr mörgum einingum sem hafa mismunandi titla skal velja titil á sameiginlegum umbúðum sem aðaltitil, geta annarra titla í sviði 500 og gera á þá aukafærslur í sviði 740. Formgreiningin \$h [tungumálanámskeið] er notuð óháð formati. Röð deilisviða og greinarmerkjasetning á að vera \$\$a [\$h] : \$b / \$c.

245 00 \$\$aAstérix learn English\$\$h[tungumálanámskeið]

260 – Prentsögn

Notið ekki hornklofa ef upplýsingarnar standa á gagninu. Ef upplýsingar í þetta svið eru ekki til staðar eru skammstafanirnar [S.l. : s.n., s.a.] notaðar.

256 – Tegund tölvugagna

Ef tungumálanámskeiðið er á tölvutæku formi á að setja hér *Margmiðlunargögn*.

256 ## \$\$aMargmiðlunargögn

300 – Umfang

Upptalning á bókum, diskum, myndböndum, snældum o.fl. fer í deilisvið \$a. Fylgiefni er sett í deilisvið \$e. Bæklingar sem styðja gagnið eru taldir með, en ekki auglýsingabæklingar.

Tölvugögn fá alltaf umfangslýsinguna *margmiðlunardiskur*.

300 ## \$\$a1 margmiðlunardiskur

300 ## \$\$a2 geisladiskar (CD) +\$\$ebæklingur

300 ## \$\$a2 myndbönd +\$\$ebók

500 – Athugasemdir

Hér eru taldar aðrar birtingarmyndir titils og eru aukafærslur gerðar í sviði 740 með formgreiningu [tungumálanámskeið] fyrir aftan.

505 0# – Innihald

Hér má gera nánari grein fyrir innihaldi.

505 0# \$\$aDiskur 1: Grammar -- Diskur 2: Pronunciation

521 0# – Notendur

Notið eftirtalin orð eftir því sem við á:

521 0# \$\$aByrjendanámskeið

521 0# \$\$aMillistig

521 0# \$\$aFramhaldsnámskeið

538 – Kerfislegar upplýsingar

Ef tungumálanámskeiðið er á tölvutæku formi er gerð grein fyrir kerfisþörfum hér. Notið *Windows* en ekki *Win* og *Macintosh* en ekki *Mac*. Notið ekki fyrirsagnir þar sem kerfið setur þær inn sjálfkrafa.

538 ## \$\$aFyrir Windows 98/2000/XP

546 – Athugasemd um tungumál

546 ## \$\$aKennsluefni í spænsku með enskum leiðbeiningum

546 ## \$\$aBæklingur á ensku

650 #4 – Efnisorð

Notið efnisorðið *Tungumálanámskeið* og heiti tungumálsins sem verið er að kenna.

650 #4 \$\$aTungumálanámskeið

650 #4 \$\$aEnska

740 – Aukafærsla á titil

Gera á aukafærslur á aðrar birtingarmyndir titils. Formgreiningin \$h [tungumálanámskeið] er notuð.